

REGLUR

um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.

I. KAFLI

1. gr.

Markmið.

Með tilvísun til 1. mgr. 7. gr. og 38. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands hefur bankastjórn Seðlabankans sett eftirfarandi reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja (lána- stofnana) við Seðlabankann.

Markmið reglna þessara er að skýra réttarsamband Seðlabankans og þeirra fjármála- fyrirtækja sem átt geta viðskipti við Seðlabankann. Um viðskipti þessara aðila fer eftir reglum þessum og skilmálum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Gildissvið.

Eftirfarandi fjármálafyrirtæki geta átt viðskipti við Seðlabankann:

1. Fjármálafyrirtæki (lánastofnanir) sem fengið hafa starfsleyfi skv. 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
2. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja sem fengið hafa staðfestu og samsvarandi starfsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002 og starfa hér á landi.
3. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 33. gr. laga nr. 161/2002 enda hafi fyrirtækið hliðstætt starfsleyfi og 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga kveður á um í heimaríkinu, starfsemin sem fyrirtækið hyggst stunda hér á landi sé sambærileg og að starfsemi fyrirtækisins sé háð sambærilegu fjármálaeftirliti og lög nr. 87/1998 kveða á um í heimaríkinu.

3. gr.

Skilgreining hugtaka.

Daglán: Lán veitt til næsta viðskiptadags gegn veði í verðbréfum sem Seðlabankinn metur hæf til tryggingar.

Endurhverf verðbréfa kaup: Samningur um kaup Seðlabankans á verðbréfum af fjármála- fyrirtæki þar sem fyrirtækið öðlast jafnframt rétt og skyldu að tilteknum tíma liðnum til að kaupa aftur verðbréfin eða jafngild verðbréf á tilteknu verði.

Fjárhagsleg tryggingarráðstöfun: Framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu eða veðsetning á fjárhagslegri tryggingu til tryggingar efndum á fjárhagslegum skuldbindingum fjármálafyrirtækis við Seðlabankann.

Gjaldeyrisskiptasamningar: Samningur um kaup eða sölu gjaldeyris sem gengur til baka eftir tilgreindan tíma með andhverfum viðskiptum í samræmi við samning.

Innstæðubréf: Skuldabréf sem Seðlabankinn gefur út til fjármálafyrirtækis.

Markaðsvirði: Nafnverð fjárhagslegrar tryggingar margfaldað með viðmiðunarverði.

Veðlán: Lán sem veitt eru gegn veði, í verðbréfum sem Seðlabankinn metur hæf til tryggingar.

Viðmiðunarverð: Dagslokaverð verðbréfa á síðasta viðskiptadegi áður en mat verðbréfa fer fram, á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn hefur samþykkt.

Viðskiptadagur: Virkur afgreiðsludagur banka og sparisjóða frá mánudegi til föstudags.

II. KAFLI

Viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabankann.

4. gr.

Gjaldmiðill viðskipta.

Viðskipti Seðlabankans við fjármálafyrirtæki fara að jafnaði fram í íslenskum krónum. Bankastjórn getur heimilað viðskipti í erlendri mynt.

5. gr.

Viðskiptareikningar.

Það er skilyrði fyrir viðskiptum við Seðlabankann samkvæmt reglum þessum að viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi stofnað viðskiptareikning við Seðlabankann.

Viðskipti fjármálafyrirtækja eru eignfærð eða skuldfærð af Seðlabankanum á viðskiptareikning þeirra eftir því sem við á samkvæmt reglum þessum og skuldbindur fjármálafyrirtæki sig til að ráðstöfunarfjárhæð reiknings þess, sé ávallt nægjanleg.

6. gr.

Reglulegir viðskiptadagar Seðlabanka Íslands.

Viðskiptadagar reglulegra viðskipta sbr. 1. tl. 1. mgr. 7. gr. eru miðvikudagar í viku hverri. Sé miðvikudagur ekki viðskiptadagur fara regluleg viðskipti fram næsta viðskiptadag á eftir og styttest efndatíminn sem því nemur. Gamlársdagur telst ekki reglulegur viðskiptadagur.

7. gr.

Tegundir viðskipta.

Viðskipti við Seðlabankann geta farið fram með eftirfarandi hætti:

1. *Regluleg viðskipti:*
 - a. Lán til 7 daga gegn veði í verðbréfum sem Seðlabankinn metur hæf til tryggingar, sbr. 11. gr.
 - b. Innstæðubréf, þ.e. skuldabréf sem Seðlabankinn gefur út til fjármálafyrirtækja með 7 daga binditíma.
 - c. Búndin innlán til 7 daga.
2. *Daglán:*

Að ósk fjármálafyrirtækis veitir Seðlabankinn daglán, til næsta viðskiptadags, gegn veði í verðbréfum sem metin eru hæf til tryggingar, sbr. 11. gr. Seðlabankinn getur breytt kjörum eða takmarkað aðgang að daglánum án fyrirvara.
3. *Önnur viðskipti:*

Önnur viðskipti við Seðlabankann fara fram samkvæmt ákvörðun bankastjórnar að undanskildum f. lið og geta verið með eftirfarandi hætti:

 - a. Veðlán með öðrum efndatíma en um getur í a. lið 1. tl.
 - b. Innstæðubréf með öðrum gjalddaga en um getur í b. lið 1. tl.

- c. Búndin innlán með öðrum binditíma en um getur í c. lið 1. tl.
- d. Endurhverf verðbréfakaup með verðbréf sem metin eru hæf sem fjárhagsleg tryggingarráðstöfun, sbr. 11. gr. Endurhverf verðbréfakaup fara fram með kaupum og sölu verðbréfa á skipulögðum verðbréfamarkaði sem Seðlabankinn samþykkir. Fjármálafyrirtæki ber allan viðskiptakostnað sem leggst á aðila, bæði við kaup og sölu.
- e. Gjaldeyrisskiptasamningur.
- f. Færslur á viðskiptareikninga.

8. gr.

Skilmálar vegna reglulegra lánsviðskipta.

Seðlabankinn tilkynnir kjör og aðra skilmála reglulegra viðskipta.

Seðlabankinn getur ákveðið að takmarka heildarfjárhæð reglulegra viðskipta og efnir bankinn þá til uppboðs samkvæmt eftirfarandi skilmálum. Ef um lánsviðskipti er að ræða, ráðast vextir á uppboði og skal miða við að allir sem fá tilboð samþykkt að fullu eða að hluta fái sömu vexti sem eru lægstu vextir sem samþykktir eru af Seðlabankanum. Ef um sölu innstæðubréfa er að ræða skal miða við að allir sem fá tilboð samþykkt að fullu eða að hluta fái sömu vexti sem eru hæstu vextir sem Seðlabankinn samþykkir (hollensk uppboðsaðferð).

9. gr.

Vextir.

Vextir í viðskiptum við Seðlabankann eru háðir ákvörðun bankans hverju sinni og birtast í vaxtatilkynningu á vefsíðu hans.

Vextir reiknast á grundvelli fjölda almanaksdaga á hverju vaxtatímabili deilt með 360 dögum, þ.e. raun/360. Vaxtamánuður viðskiptareikninga er frá og með 21. degi mánaðar til og með 20. dags næsta mánaðar.

Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn nema sérstaklega sé um annað samið. Vaxtagildistaka („validering“) innborgana á öðrum degi en innborgunardegi skal eingöngu eiga sér stað þegar leiðréttá þarf skekkjur.

III. KAFLI

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

10. gr.

Samningar um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í viðskiptum fjármálafyrirtækja við Seðlabankann fer skv. lögum nr. 46/2005.

Samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skal gera skriflega eða með rafrænum hætti þannig að sanna megi stofnun tryggingarráðstöfunarinnar með lögformlegum hætti.

Í samningi skal tilgreina til hvaða skuldbindinga og trygginga samningurinn nær.

11. gr.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í viðskiptum við Seðlabankann.

Hæf verðbréf til tryggingar í viðskiptum við Seðlabankann geta verið innstæðubréf Seðlabankans, spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, ríkisvixlar, skuldabréf og vixlar sem gefin eru út í íslenskum krónum og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks sé yfir 3 ma.kr. og staðfest að það magn hafi selst.
2. Útgefandi hafi lánshæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch og langtímalánshæfiseinkunn A- eða betra miðað við matskerfi Standard & Poor's og Fitch og A3 eða betra hjá Moody's.

3. Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs eru metin eins og ríkissjóður sé útgefandi.
4. Verðbréfin hafi viðskiptavaka á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir.
5. Verðbréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með lokagjalddaga fyrir lok lánstímans.
6. Verðbréf, önnur en innstæðubríf Seðlabankans, skulu vera rafrænt skráð.

Ekki er heimilt að leggja fram víkjandi skuldabréf til tryggingar.

Útgefanda er ekki heimilt að nota eigin skuldabréf eða víxla til tryggingar fyrir eigin viðskiptum hjá Seðlabankanum né er heimilt að nota skuldabréf eða víxla útgefanda sem viðkomandi fjármálafyrirtæki á virkan eignarhlut í sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002.

Séu bréf dregin út eða falli í gjalddaga fyrir gjalddaga skuldbindingar, og óski seljandi eftir því að fá þau afhent, skal hann leggja fram ný hæf verðbréf, og skal þá matsverð þeirra vera a.m.k. jafnhátt og matsverð hinna útdregnu eða gjaldföllnu verðbréfa.

Fjármálafyrirtæki ábyrgist að verðbréf lögð fram til fjárhagslegrar tryggingarráðstöfunar vegna skuldbindinga við Seðlabankann séu veðbanda- og kvaðalaus.

Bundnar innstæður fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skv. c. lið 1. tl. 7. gr., eru einnig hæfar til tryggingar í viðskiptum við bankann.

12. gr.

Verðmat fjárhagslegra tryggingarráðstafana.

Við mat á verðmæti verðbréfa sem fjárhagslegrar tryggingarráðstöfunar vegna viðskipta við Seðlabankann skal nota eftirfarandi frádrag frá viðmiðunarverði:

1. Af spariskírteinum ríkissjóðs, ríkisbréfum og ríkisvixlum.
 - a. 1% þar sem eftirstöðvatími er styttri en 2 ár.
 - b. 3% þar sem eftirstöðvatími er 2 til 5 ár.
 - c. 5% þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár.
2. Af öðrum bréfum.
 - a. 2% þar sem eftirstöðvatími er styttri en 2 ár.
 - b. 5% þar sem eftirstöðvatími er 2 til 5 ár.
 - c. 7% þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár.

Ekkert frádrag reiknast af innstæðubrífum Seðlabankans.

Seðlabankinn getur ef nauðsyn krefur, t.d. vegna markaðsaðstæðna beitt frekara frádragi.

Liggi viðmiðunarverð verðbréfa ekki fyrir á skipulegum verðbréfamarkaði eða hjá viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir, er ekki hægt að nota viðkomandi verðbréf sem fjárhagslega tryggingarráðstöfun nema til komi sérstök ákvörðun bankastjórnar.

Seðlabankanum er heimilt að hafna umsókn um viðskipti náist ekki samkomulag um verðmat trygginga.

Fjárhæð útistandandi daglána skal aldrei vera hærri en níutíu hundraðshlutar af markaðsvirði veðsettra verðbréfa.

13. gr.

Viðbótartryggingar.

Seðlabankinn endurmetur reglulega verðmæti trygginga. Þar sem markaðsvirði getur lækkað fyrirvaralaust getur slíkt endurmat leitt til þess að Seðlabankinn krefjist viðbótartrygginga. Kveði reglur þessar á um að verðmæti tryggingar skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki, og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal fjármálafyrirtæki leggja fram viðbótartryggingu þannig að tilgreindu lágmarki verði náð á ný.

Telji Seðlabankinn þörf á viðbótartryggingu sbr. 1. mgr. skal viðkomandi fjármála-fyrirtæki leggja fram fullnægjandi tryggingar innan 2ja viðskiptadaga frá því að slík krafa er sett fram. Í undantekningartilvikum er Seðlabankanum heimilt að setja skemmri frest eða krefjast trygginga samdægurs leiði breytingar á markaðsaðstæðum til slíks.

14. gr.

Vörslur verðbréfa.

Verðbréf sem lögð eru fram sem fjárhagsleg tryggingarráðstöfun skulu skráð hjá verðbréfamíðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Heimilt er að leggja fram verðbréf rafrænt skráð í erlendri verðbréfamíðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.

Verðbréf sem skráð eru í íslenskrí verðbréfamíðstöð skulu vistuð á VS reikningi viðkomandi fjármálafyrirtækis í Seðlabankanum. Séu verðbréf skráð í erlendri verðbréfamíðstöð skulu þau vistuð hjá vörsluaðila (reikningsstofnun) sem Seðlabankinn viðurkennir.

Um skráningu fjárhagslegra tryggingarráðstafa fer skv. IV. kafla laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Jafnframt skulu VS reikningar viðkomandi fjármálafyrirtækja veðsettir Seðlabankanum samkvæmt sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

IV. KAFLI

Vanefndir og útilokun viðskipta við Seðlabankann.

15. gr.

Vanefndir og fullnustuheimildir Seðlabankans.

Standi fjármálafyrirtæki ekki í skilum með greiðslu á skuldbindingum sínum frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi skal greiða dráttarvexti af vanskilaskuldinni sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá gjalddaga til greiðsludags.

Seðlabankinn getur innleyst verðbréf sem sett hafa verið sem fjárhagsleg trygging og ráðstafað án fyrirvara eða tilkynningar inn á vanefndar skuldbindingar.

16. gr.

Útilokun viðskipta.

Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað lánastofnun frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hún ekki hlítt ákvæðum þeirra.

Þá getur Seðlabankinn útilokað fjármálafyrirtæki frá viðskiptum að undangenginni viðvörðun uppfylli fyrirtækið ekki ákvæði X. kafla laga nr. 161/2002 um laust fé og eigið fé.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Almennir skilmálar um viðskipti.

Fjármálafyrirtæki sem átt geta viðskipti við Seðlabankann samkvæmt reglum þessum skulu undirrita almenna skilmála sem lýsir réttarsambandi sem ríkir milli Seðlabankans og fjármálastofnunar skv. reglum þessum og um framkvæmd viðskipta þar sem fram kemur m.a.:

1. Skuldbinding aðila um viðskipti samkvæmt reglum þessum.
2. Framkvæmd viðskipta og samskiptahættir.
3. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.
4. Ákvæði um vörslur fjárhagslegra trygginga.
5. Vanefndir og fullnustuheimildir Seðlabankans vegna þeirra.
6. Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækis.

18. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi 21. júní 2007. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um viðskipti lánastofnana við Seðlabanka Íslands nr. 997 frá 10. desember 2004.

Reykjavík, 18. júní 2007.

Seðlabanki Íslands,

Davíð Oddsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.